

LANDSKERFI BÓKASAFNA HF.

☒ Katrínartún 4., 105 Reykjavík • ☎ 514-5050 • 🌐 www.landskerfi.is • ✉ skrifstofa@landskerfi.is

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2024

Tillaga til þingsályktunar um bókmenntastefnu fyrir árin 2024-2030.
Þingskjal 1387- 940. mál
154. löggjafarþing 2023-2024.

Efni: Umsögn frá Landskerfi bókasafna hf.

Tillaga menningar- og viðskiptaráðherra um bókmenntastefnu og tilheyrandi aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2030 er mikið framfaramál fyrir lesendur ekki síður en útgefendur.

Hlutverk Landskerfis bókasafna hf. (Landskerfið) í virðisæðju íslenskra bókmennta er að gera bókasöfnum landsins kleift að halda utan um útgáfuna í bókasafnakerfinu Gegni, sem rekið er á landsvísu og lána efnið út til notanda, lánþega bókasafnanna. Aðgangur almennings að safnkostinum og sjálfsafgreiðsla fer fram í gegnum gáttina leitir.is. Landskerfið rekur einnig sérstaka gátt, Rafbókasafnið fyrir innkaup og aðgengi að raf-, hljóðbókum- og tímaritum í samvinnu við Borgarbókasafn Reykjavíkur. Í síðastnefndu veitunni er sá hængur á að treglega hefur gengið fyrir bókasöfnin fá keypt þar inn íslenskt efni sem er það sem almenningur hefur mestan áhuga á og mestu skiptir fyrir þjálfun í íslensku sem rit- og tungumáls.

Landskerfið tekur heils hugar undir þar sem segir í framtíðarsýn: „Fólk á öllum aldri hafi greiðan aðgang að margvíslegu lesefni“ og meginmarkmið 1 þar sem segir „aðgengi að fjölbreyttu efni á íslensku og treysta með því stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu.“ Í þessu samhengi vill Landskerfið áréttá að mikilvægt er að sjónarmið bókasafna heyrast í umræðunni um bókmenntastefnu enda eru bókasöfnin mikilvægur þátttakandi í virðisæðjunni við að koma útgefnu efni á framfæri, gera það aðgengilegt fólki á öllum aldri í gegnum skóla-, almennings-, háskóla- og önnur bókasöfn í landinu.

LANDSKERFI BÓKASAFNA HF.

☒ Katrínartún 4., 105 Reykjavík • ☎ 514-5050 • 🌐 www.landskerfi.is • ✉ skrifstofa@landskerfi.is

Ábendingar varðandi aðgerðaráætlun.

2. Endurskoðun regluverks: Mikilvægt er að endurskoðunin taki einnig til aðgengis lesefnis á bókasöfnum á tímum nýrra miðlunarleiða. Bókasöfnin þurfa að geta keypt og „lánað út“ íslenskar raf- og hljóðbækur. Skýra þarf aðkomu þeirra varðandi möguleg „innkaup“ í gegnum streymisveitur. Landskerfið gerir tillögu um að sú skylda verði lögð á útgefendur að skrá alla útgáfu í sameiginlegt bókasafnakerfi landsmanna, Gegni eða gera hana aðgengilega eftir alþjóðlegum stöðlum þ.a. auðvelt sé að hlaða henni í bókasafnakerfið líkt og tíðkast í mörgum nágrannalöndum Þetta myndi liðka mjög fyrir því að útgáfan komist fljótt í umferð á bókasöfnum. Og stuðla að samræmdu verklagi allra í virðiskeðjunni sem aftur myndi skjóta styrkari stuðum undir tölfræði en nú er.

Í framhjáhlápi má benda á að greiðslur fyrir afnot efnis á bókasöfnum byggja á tölfræði úr Gegni.

3. Bætt tölfræði um bókaútgáfu á Íslandi: Bent er á að Landskerfi bókasafna sem rekur miðlæga bókasafnakerfi Gegni er lykilaðli þegar kemur að söfnun tölfræði um innkaup og skráningu safnkosts á bókasöfnum, útlán hans á bókasöfnum og þjónustuveitendur. Eðlilegt virðist að Hagstofan fengi það hlutverk að halda utan um grunntölfræði sem svo ýmsar hagaðilar myndu nota við sínar tölfræðiúrvinnslur.

4. Mat á kostum fastverðsfyrirkomulags fyrir bóksölu: Skoða þarf málaflökkinn út frá bókasöfnum einnig. Þau þurfa að hafa aðkomu að miðlun bóka sem eru í boði hjá streymisveitum.

7. Gæðastarf á skólasöfnum: Landskerfi bókasafna fagnar því að skólabókasöfnin og starfsumhverfi þeirra fái sérstaka athygli enda er málið brýnt. Sérstök skólasafnamiðstöð sem sæi miðlægt um skráningu safnkosts og miðlun efnis á erlendum tungumálum til nemenda sem ekki hafa íslensku að móðurmáli yrði mikil bragabót í þjónustu við nemendur.

Reykjavík 17. maí 2024

f.h. Landskerfis bókasafna
Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdatjóri